

mörk augljóslega rofin. Ótti á ekki að fylgja starfinu heim.

### MIKILVÆGI HANDLEIÐSLU

Handleiðsla er lykilþáttur í að styðja starfsfólk, vinna úr streitu og þróa bjargráð. Skortur á stuðningi getur leitt til einangrunar þar sem fagfólk stendur eitt uppi með flókin mál og uppsafnað álag.

### NIÐURSTAÐA

Ofbeldi gegn félagsráðgjöfum er algengt og vanmetið vandamál. Það hefur áhrif á öryggi starfsfólks, gæði þjónustu og stöðugleika í faginu. Brýnt er að innleiða skýrt verklag, efla

stuðning og tryggja að ábyrgðin liggja hjá kerfinu, ekki einstaklingnum.

### HEIMILDIR:

Auður Ósk Guðmundsdóttir. (2020). Handleiðsla í þungum og ágengum málum. Einkenni streitu í starfi, áhrif hennar á starfsfólk og hvernig bregðast má við. Í Sigrún Júlíusdóttir (ritstjóri), *Handleiðsla til eflingar í starfi. Vinnuvernd, fagvernd, mannvernd* (bls. 111–119). Háskólaútgáfan.

Figley, C. R. (ritstjóri). (1995). *Compassion fatigue. Coping with secondary traumatic stress disorder in those who treat the traumatised*. Routledge.

Sigrún Júlíusdóttir. (2020). Faghandleiðsla – fagþroski. Í Sigrún Júlíusdóttir (ritstjóri), *Handleiðsla til eflingar í starfi. Vinnuvernd, fagvernd, mannvernd* (bls. 17–56). Háskólaútgáfan.



*Félagsráðgjafafélagið hefur þegar hafið vinnu við að fylgja eftir niðurstöðum könnunarinnar með siðanefnd, stjórn, fagdeildum, trúnaðarmönnum og stærri vinnustöðum*

## Nýr sérfræðingur



### VALGERÐUR HALL-DÓRSDÓTTIR

hlaut sérfræðileyfi í fjölskylduráðgjöf haustið 2025. Hún hefur um árabil verið leiðandi rödd á sviði fjölskyldumála, stjúptengsla og ráðgjafar og sameinað fræðilega þekkingu, fjölbreytta starfsreynslu og öflugt frumkvæði.

### Námsferill

Valgerður lauk BA-prófi í stjórn málafræði með mannfræði sem aukagrein árið 1989 og kennslu- og uppeldisfræði til kennsluréttinda árið 1994. Hún útskrifaðist sem félagsráðgjafi árið 1998 og lauk síðar MSW-námi með áherslu á fjölskylduráðgjöf. Árið 2006 lauk hún MA-prófi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands. Lokaritgerð hennar bar heitið *Hvernig má efla fjölskylduþrótt stjúpfjölskyldna?*

Valgerður hefur jafnframt aflað sér viðtækra endurmenntunar, m.a. í faghandleiðslu hjá Peter Hawkins, blaða- og fréttamennsku, sáttamiðlun, barnamiðaðri sáttameðferð og ráðgjöf, rannsóknarviðtölum við börn (e. child inclusive mediation and counselling, forensic interviewing of children) og sérhæfðu námi hjá Jane Monckton Smith um nauðungarstjórnun (e. coercive control) og ofbeldismál. Þá lauk hún einnig námskeiði fyrir dómkvadda matsmenn árið 2024.

### Starfsferill

Valgerður starfaði sem framhaldsskólakennari við Fjölbrautaskólann í Breiðholti á árunum 1988–1999. Hún hefur síðan gegnt fjölbreyttum störfum, m.a. sem skólafélagsráðgjafi í Hafnarfirði og við Menntaskólinn við Sund, þar sem hún var einnig kennari og sviðsstjóri félagsgreina.

Á árunum 2007–2012 var hún framkvæmdastjóri FÍ og síðan aðjunkt við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands frá 2012 til 2020. Frá 2019 til 2024 starfaði hún sem sérfræðingur í málefnum barna og sáttamaður hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Samhliða öðrum störfum hefur hún verið sjálfstætt starfandi félags- og fjölskylduráðgjafi frá árinu 2006.

### Frumkvæði og ritstörf

Valgerður opnaði upplýsingavefinn stjuptengsl.is árið 2004 og stofnaði Félag stjúpfjölskyldna árið 2005, þar sem hún hefur gegnt formennsku. Árið 2012 sendi hún frá sér bókina *Hver er í fjölskyldunni? Skilnaðir og stjuptengsl* sem hefur verið nýtt víða í kennslu og fræðslu.

Um þessar mundir vinnur hún að nýrri bók og hlaðvarpi um stjuptengsl og skilnað.